

Aðalfundur Félags Íslenskra Félagsvísindamanna

Aðalfundur Félags íslenskra félagsvísindamanna var haldinn miðvikudaginn 20. febrúar klukkan 12 í húsnaði BHM að Borgartúni 6, 4. hæð. Áður en farið var í hefðbundinn aðalfundastörf kynnti Hjalti Einarsson verkefnastjóri á Þjónustuskrifstofu FFSS skoðanakönnun sem var gerð meðal félagsmanna vegna undirbúnings kröfugerðar við komandi kjarasamningsviðræður.

Fjöldi félagsmanna á aðalfundi: 17.

Fundarstjóri: Júlíana Guðmundsdóttir, lögfræðingur Þjónustuskrifstofu FFSS

Fundarritari: Guðrún A. Sigurðardóttir, verkefnastjóri Þjónustuskrifstofu FFSS

1. Skýrsla stjórnar

Formaður FÍF, Hugrún R. Hjaltadóttir kynnti árskýrslu félagsins og fór yfir helstu atriði hennar. Skýrsla stjórnar verður birt á heimasíðu félagsins strax eftir fundinn.

2. Reikningar félagsins lagðir fram

Formaður FÍF, Hugrún R. Hjaltadóttir, kynnti ársreikning félagsins. Þar sem villa fannst í rekstraráætlun 2019 var lagt til að fresta samþykkt ársreikninga og kynningu rekstraráætlunar auk árgjalds og halda framhaldsaðalfund. Samþykkt.

Einnig kom fram ábending frá félagsmanni um ógegnsæi varðandi rekstur þjónustuskrifstofu þar sem rekstur hennar er ekki til umfjöllunar á aðalfundi félagsins. Fundurinn ákvað að athugasemdir hans skildu teknar til nánari skoðunar og jafnframt ræddar frekar í stjórn félagsins.

3. Ákveðið árgjald

Þessum lið var frestað til framhaldsaðalfundar.

4. Lagabreytingar, tillögur

Engar tillögur voru bornar upp um lagabreytingar á fundinum.

5. Kosin stjórn og varastjórn

Formaður félagsins, Hugrún R. Hjaltadóttir var sjálfkjörinn þar sem hún var ein í framboði.

Í framboði til stjórnar voru eftirtaldir félagsmenn og var hver þeirra með stutta kynningu á sér og sínum helstu hugðarefnum og stefnumálum: Ása Sigríður Þórisdóttir, Bára Jóhannesdóttir Guðrúnardóttir, Gerður Gestsdóttir, Íris Dögg Björnsdóttir, Kristmundur Ólafsson, Þóra Kristín Þórsdóttir, Steindór Gunnar Steindórsson.

Niðurstöður kosninga: Ása Sigríður Þórisdóttir, Gerður Gestsdóttir, Íris Dögg Björnsdóttir og Þóra Kristín Þórsdóttir taka sæti í stjórn. Varamenn stjórnar eru Kristmundur Ólafsson og Steindór Gunnar Steindórsson.

6. Kosnir skoðunarmenn reikninga

Benóný Harðarson og Ólafur Már Sigurðsson teljast réttkjörnir skoðunarmenn reikninga.

7. Önnur mál

Félagsmaður í FÍF vill koma á framæri að þegar það voru gerðir miðlægir kjarasamningar árið 2014 þá vill hún gera sérstaka athugasemd við bókun 2 – stofnunum settir þeir kostir að gefa starfsfólki umbun fyrir vel unnin störf. Ákvörðun á umbun til þátta sem ekki eru til starfsskyldu og það er þá umfram það sem starfið krefst sem er utan vinnuskyldu, tímabundnum þáttum og óljósum þáttum eins og liðlegheit en þetta skapar mikla óánægju á vinnustaðnum og konur meira hikandi við að sækja um. Henni finnst þetta óheppileg stefna og þetta eru svokölluð viðbótalaun. Margrét vill vekja athygli á þessu og spyr hver var svona ánægður með þetta tilraunaverkefni. Mismunandi framkvæmd á vinnustöðum og á ekki við á opinberum markaði. Hvers vegna var þetta innleitt og hvort það sé hægt að breyta þessu í komandi kjarasamningum. Ætlar BHM ekkert að fylgjast með þessu? Skoða hvernig þetta getur verið enn eitt dæmið um kynbundinn launamun.

Við tóku almennar umræður um athugasemd Margrétar sem stjórnin tekur með sér inn í næsta starfsár.

Fundi slitið klukkan 13:30.